

Ed.

**641. Frumvarp til laga**

[197. mál]

um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hætta af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10000.00 króna sekt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Gildandi lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim eru frá 12. febrúar 1940. Þegar þau voru sett, var talið að hreindýrahjörð landsins væri ekki stærri en 100 dýr, og að þar að auki væri hlutfallið milli karl- og kvendýra óheppilegt, tarfarnir of margir, og mundi það m. a. hindra vöxt hjarðarinnar. Þess vegna var í lögnum frá 1940 heimilað að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virtist til. Að ráði eftirlitsmanns þess, sem skipaður var samkvæmt lögnum, hefur nokkrum hreintörfum verið fargað árlega, frá 20—60 á hverju hausti.

Hvort sem þessi ráðstöfun hefur átt mikinn eða lítinn þátt í fjölgun dýranna, þá er nú svo komið, að þau eru orðin mörg. Að sjálfsögðu er ógerlegt að segja hve mörg þau eru, en ekki munu þau færri en tvö þúsund, og fjölgar ört með hverju ári. Enn halda öll dýrin sig austanlands eins og þau hafa gert um langt skeið. Þótt ekki sé unnt að vita nákvæmlega tölu þeirra, þá er ljóst, að stofninn er nú svo stór, að tímabært er að gera sér grein fyrir, hvernig hann skuli hagnýttur.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ráðherra geti heimilað hreindýraveiðar, ef stofninum er eigi talin hætta búin af veiðunum, að dómi eftirlitsmanns. Skal ráðherra þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum sýslumanna þeirra héraða, er hlut eiga að máli, svo og eftirlitsmanns dýranna. Í reglunum skal meðal annars kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum.

Í því sambandi er rétt að benda á, að eðlilegast virðist, að bændur, sem lönd eiga næst hreindýraslóðunum og helst verða fyrir ágangi af þeim á beitolönd sín, njóti fyrst og fremst arðs af veiðunum, en síðan sveitar- og/eða sýslusjóðir hlutaðeigandi héraða.

Um þetta og önnur atriði í þessu sambandi mundi menntamálaráðuneytið setja reglur í samráði við framangreinda aðila. Virðist sjálfsagt að reyna að hagnýta hreindýrin skynsamlega eins og hver önnur gæði landsins. Reynslan þarf að skera úr um, með hvaða hætti þau verða helst gerð arðgæf. Í svipinn virðast veiðarnar liggja næst, enda er talin yfirvofandi hætta á, að í hörðu ári muni dýrin horfalla, ef hjarðir þeirra vaxa frá því sem nú er.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að ákvæðum gildandi laga um 200—800 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem veitt er ólöglega, er breytt í allt að 10000.00 króna sekt fyrir brot á lögnum og reglum, settum samkvæmt þeim.